

Ár 2014, mánudaginn 7. júlí kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 10:00 á Mælifelli á Sauðárkróki.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningar 2013
3. Almenningsamgöngur
4. Starfsmannamál – framkvæmdastjóri
5. Stafsmannamál – atvinnuráðgjafi á sviði ferðaþjónustu
6. Bréf og kynntar fundargerðir
7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 16. júní sl. yfirfarin. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá fundargerð í samræmi við athugasemdir sem fram komu á fundinum.

2. Ársreikningar 2013. Kristján Jónasson endurskoðandi KPMG kom til fundar, fór yfir ársreikninga 2013 og skýrði einstaka liði.

Stjórn SSNV samþykkir eftirfarandi bókun vegna ársreikninga fyrir SSNV og SSNV atvinnuþróun:

Vegna uppgjors á Norce-verkefni í ársreikningi SSNV fyrir árið 2013

Á árunum 2004-2009 tók Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra (ANVEST) þátt í og leiddi þróunarverkefnið Northern Coastal Experience (NORCE), sem m.a. naut fjárhagslegs stuðnings ESB þar sem verkefnið heyrði undir svonefnda Norðurslóðaáætlun eða „Northern Periphery Programme“ (NPP). Var ANVEST svokallaður „Lead Partner“ eða ábyrgðaraðili verkefnisins. Verkefnisstjóri var Rögnvaldur Guðmundsson. Baldur Valgeirsson, fyrrv. framkvæmdastjóri ANVEST, var ráðinn sem sérstakur fjármálastjóri verkefnisins frá 1. maí 2004. lét hann af störfum vegna veikinda og tók Jón Óskar Pétursson við þessu hlutverki samhliða störfum sínum sem framkvæmdastjóri SSNV. Var Jón Óskar prókúruhafi reikninga verkefnisins frá maí 2007.

Fjárhagsbókhaldi vegna NORCE-verkefnisins var haldið utan við daglegan rekstur og bókhald ANVEST og SSNV. Fór formlegt uppgjör NORCE-verkefnisins fram árið 2010 þegar endurskoðun endurskoðunardeildar Norðurslóðaáætlunarinnar var lokið.

Lokauppgjör vegna verkefnisins fór hins vegar fram síðar, eða á árinu 2013. Var ekki gerð sérstaklega grein fyrir því í fjárhagsuppgjöri SSNV. Um þetta var stjórn SSNV ekki kunnugt og óskaði hún því eftir því að unnin yrði sérstök greinargerð vegna þátttöku SSNV í

verkefninu í gegnum ANVEST og lokauppgjóri þess. Greinargerðina unnu Þórður Bogason hrl. og Einar Farestveit hdl. frá Lögmönnum Höfðabakka og Kristján Jónasson, endurskoðandi frá KPMG. Var það markmið stjórnarinnar að tryggja að fjárhagslegt uppgjör SSNV taki ávallt til allra þátta í starfsemi samtakanna og sé í samræmi við góða stjórnunarhætti innan stjórnarsýslu sveitarfélaga.

Í greinargerðinni kemur fram að KPMG hefur skoðað allar færslur á bankareikningum ANVEST vegna NORCE-verkefnisins og eru gögn vegna þeirra aðgengileg í bókhaldi SSNV. Í ljósi stöðu Jóns Óskar Péturssonar sem framkvæmdarstjóra SSNV og prókúruhafa er það niðurstaða í greinargerðinni að hann hafi borið ábyrgð á öllu og endanlegu uppgjóri vegna NORCE-verkefnisins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist öllum fjármunum ráðstafað með tvennum hætti: Annars vegar var fjármunum ráðstafað í þágu NORCE-verkefnisins og hins vegar beinlínis í þágu SSNV. Þrátt fyrir það er talið í greinargerðinni að eftir að lokauppgjör NORCE-verkefnisins fór fram árið 2010 hefði framkvæmdastjóra borið í ljósi góðra stjórnarsýsluhátta að gera grein fyrir þessum fjármunum og ráðstöfun þeirra á vettvangi SSNV, þá fyrst og fremst með því að fella þá inn í ársuppgjör samtakanna þótt fjármunir þessir væru ekki ætlaðir til almenns rekstrar þeirra. Þá er í greinargerðinni gagnrýnd meðferð fyrrum framkvæmdastjóra SSNV á greiðslu til hans á óteknu orlofi. Er í greinargerðinni komist að þeirri niðurstöðu að honum hafi mátt vera ljóst að slík greiðsla gat ekki verið verktakagreiðsla til hans. Mun stjórn SSNV óska eftir leiðréttingu á framkvæmd þessarar tilteknu greiðslu og uppgjóri þar að lútandi.

Stjórn SSNV telur ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um einstaka þætti framangreinds máls. Þau gögn sem fyrir liggja gefa ekki tilefni til að ætla að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað. Eigi að síður leggur stjórnin áherslu á að verklagsreglur verði settar er tryggi að allir fjármunir sem ráðstafað er til verkefna með fjárhagslegri þátttöku eða ábyrgð SSNV verði tilgreindir í reikningsskilum SSNV. Þá undirstrikar stjórnin að í samræmi við góða stjórnarsýsluhætti ber framkvæmdastjóra ávallt að bera meiri háttar ákvarðanir um málefni SSNV undir ákvörðun stjórnar, t.d. ákvörðun um þátttöku í nýjum verkefnum og lokauppgjör þeirra.

Stjórn SSNV mun gera nánari grein fyrir framangreindu við framlagningu ársreikninga á ársþingi SSNV sem fram mun fara 16. – 17. október nk. og hefur sú dagsetning þegar verið kynnt öllum aðildarsveitarfélögum í samræmi við fundargerð stjórnar SSNV frá 26. febrúar 2014.

3. Almenningssamgöngur. Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2014. Guðjón greinir í tölvupóstinum frá atriðum sem rædd voru á fundi í Innanríkisráðuneytinu og áskorun sem samþykkt hefur verið að senda Innanríkisráðherra vegna framkvæmdar og samninga vegna almenningssamganga. Í áskoruninni kemur fram að nauðsynlegt sé að lögfesta þegar á haustþingi fyrirbyggjandi frumvarp til laga um fólksflutninga. Fulltrúum SSNV falið að fylgja málinu eftir á fundi sem fyrirhugaður er með ráðherra síðar í mánuðinum.

4. Starfsmannamál – framkvæmdastjóri.

Umsóknarfrestur um stöðu framkvæmdastjóra rennur út í dag en vænta má þess að umsóknir sem póstagðar hafa verið á síðustu dögum geti borist fram eftir vikunni. Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit um umsóknir til stjórnar. Stjórn komi saman 15. júlí og hefji þá úrvinnslu umsókna.

5. Starfsmannamál – atvinnuráðgjafi á sviði ferðaþjónustu.

Framkvæmdastjóri og varaformaður vinna að úrvinnslu umsókna í samráði við Fagráð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um skipulagsbreytingar fyrir stjórnarfund.

6. Bréf og kynntar fundargerðir:

a) Lagður fram tölvupóstur frá Ferðamálastofu, undirritaður af Hrafnhildi Ýr Víglundsdóttur sérfræðingi, dags. 1. júlí 2014, þar sem óskað er eftir því að tilnefndur verði atvinnuráðgjafi eða menningarfulltrúi af svæðinu í vinnu sem Ferðamálastofa stendur að ásamt ráðgjafafyrirtækinu Alta og varðar kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu. Framkvæmdastjóri leggur til að Ingibergur Guðmundsson verði fulltrúi SSNV í þessari vinnu. Hann mun njóta aðstoðar annarra við verkið eftir þörfum. Samþykkt.

b) Lagður fram tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, undirritaður af Önnu G. Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs, dags. 1. júlí 2014. Í skeytinu kemur fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst bjóða námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn í haust og býður sveitarfélögum að leggja fram óskir um tímasetningar og efnistösk á námskeiðunum. Framkvæmdastjóri hefur þegar sent skeytið áfram til aðildarsveitarfélaga á starfssvæði SSNV. Í dag, 7. júlí barst svo nýr tölvupóstur þar sem fram kemur að ekki verði unnt að verða við beiðnum um námskeið fyrr en í október nk.

c) Lagður fram tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, undirritaður af Magnúsi Karel Hannessyni, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 4. júlí 2014. Í skeytinu er boðun um Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 24. – 26. september nk. Tilkynna þarf þátttöku frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum fyrir 1. ágúst nk. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá þátttökuskráningu fyrir SSNV.

d) Lögð fram til kynningar tölvuskeyti frá Byggðastofnun, undirritað af Guðmundi Guðmundssyni, sérfræðingi á Þróunarsviði, dags. 26. júní 2014, varðandi árangursmat byggðaáætlunar.

e) Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, undirritaður af Einari Jónssyni, dags. 4. júní 2014, þar sem boðað er til næsta samráðsfundar um Landsskipulagsstefnu.

f) Fundargerð 817. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. júní 2014. Lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 26. júní 2014. Lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:40.